

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Helguvík Helguvík



Dags eftirlits	3.10.2013	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Helguvík	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Stakksbraut 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4702072800	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst F. Hafberg	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Torfi Dan Sævarsson	Staðsetning	325803,637 396347,214

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram 1 frávík frá grein 3.5 í starfsleyfi varðandi skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi sem hefur ekki borist UST fyrir rekstrarárið 2012.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á kynningu á stöðu verkefnisins og fyrirhugaðri starfsemi. Starfsleyfi fyrir álver Norðuráls Helguvík var gefið út 10.september 2008 en rekstur er ekki hafinn.

Álverið verður reist í 4 áföngum og er vinna hafinn við 1.áfanga. Búið er að reisa kerskálana sem tilheyrja 1.áfanga og verið að vinna í þeim og spennuhúsunum. Hafnarframkvæmdir tilheyrja áfanga 1, en vinna við þær er ekki hafin. Unnið er að lagningu frárennslislagna fyrir yfirborðsrennslis af lóðinni niður í Selvík. Almenningskólp úr salernum verður leitt í dælustöð tengda almenningsfráveitunni. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um staðsetningu flæðigryfja en tillögur eru nefndar í matsskýrslu um álverið frá 2007.

Þá var rætt um starfsleyfið og ákvæði þess.

Minnt var á að skv. gr. 1.5 í starfsleyfi skal skila áætlun um útblástur við gangsetningu, stöðvun eða bilanir, ári fyrir gangsetningu. Ekki er búist við að gangsetning verði fyrir en eftir amk 2 ár og því vinna við áætlunina ekki hafin. Sömuleiðis er vinna ekki hafin við áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar en henni á ekki að skila fyrr en 12 mánuðum eftir gangsetningu. Einnig minnti eftirlitsaðili á að rekstraraðili skuli vinna viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem skal byggja á áhættumati.

Áhættumatsgreiningu fyrir flæðigryfjur og hávaðagreiningum eru gerð skil í matsskýrslu um álver í Helguvík frá 2007. Ekki er hafin vinna við gerð mæliáætlunar sem kveðið er á um í grein 3.1 í starfsleyfi. Rætt var um að rekstraraðili hafi mæliáætlun Norðuráls á Grundartanga sem er í endurskoðun núna til hliðsjónar við gerð mæliáætlunar Norðuráls í Helguvík.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skal skila fyrir 1.maí árlega en hafa ekki borist UST. Þar sem að rekstur álversins er ekki hafinn skal rekstraraðili skila bréfi til UST um að enginn rekstur hafi verið á árinu (núllskýrslum).

Skv grein 4.2 í starfsleyfi skal rekstraraðili tilnefna tengilið sem ber ábyrgð á samskiptum rekstraraðila við Umhverfisstofnun. Rætt var um að Ágúst F. Hafberg gegndi því hlutverki en UST óskar eftir bréfi um formlegan tengilið.

Skýrsla um umhverfismarkmið var unnin í tengslum við byggingaframkvæmdina.

Samráðsfundur hefur ekki verið haldinn á árinu og var minnt á að hann skuli halda árlega skv. grein 4.9 í starfsleyfi.

Þá var rætt um tillögu að vöktunaráætlun og ábendingar UST við henni. UST mun vinna áfram að vöktunaráætluninni með Hauki Einarssyni frá Mannvit sem hefur séð um gerð vöktunaráætlunarinnar fyrir hönd rekstraraðila. Minnt var á að bakgrunnsmælingar skuli gerðar einu ári fyrir gangsetningu. Rætt var um möguleika á sameiginlegri vöktun fyrir iðjuverin á svæðinu. Mikilvægt er að samningur sé gerður milli hlutaðeigandi aðila um framkvæmd og fyrirkomulag bakgrunnsmælinganna.

Frávík frá

Grein 3.5 í starfsleyfi

Lýsing á frávíki

Grænt bókhald og útstreymisbókhald hefur ekki borist UST fyrir rekstrarárið 2012

ATHUGASEMDIR

Rekstraraðili skal tilnefna tengilið sem er ábyrgur fyrir samskiptum rekstraraðila og Umhverfisstofnunar. UST óskar

eftir bréfi þar sem að tengiliðurinn er formlega tilgreindur.

ANNAÐ

Reykjavík, 01.11.2013



Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.